

b.t. Matvælaráðuneytið

Reykjavík, 15. mars 2022

Efni: Umsögn VOR um “Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla” Mál nr. 49/2022

Félagið fagnar því að nú hylli undir stefnumótun á sviði matvæla, sér í lagi fyrir lífræna framleiðslu líkt og fram kemur sem markmið í stjórnarsáttmála. Enda er stefnt að því, líkt og fram kemur í skjalinu, að matvælaframleiðsla “styðji í enn meira mæli en áður við loftslagsmarkmið ríkisstjórnarinnar og mikilvægi sjálfbærrar nýtingar á auðlindum lands og hafs.”

Í skjalinu eru stefnumið og markmið upptalin, m.a. segir í 1sta lið “ Í matvælaráðuneytinu horfum við til þess að Ísland verði í fremstu röð á heimsvísu í framleiðslu matvæla.” Lífræn ræktun og framleiðsla fellur vel að öllum markmiðum sem tíunduð eru enda eru framleiðsluaðferðir skilgreindar með sjálfbærni sem leiðarljós, sem og líffræðilega fjölbreytni, dýravelferð og bættu lýðheilsu. Hér er auk þess mikilvægt tækifæri á ferðinni fyrir hinar dreifðu byggðir til verðmætasköpunar enda Evrópska vottunarmerkið mikilvægur gæðastimpill. Íslendingar eru ekki að fullnýta þau tækifæri sem blasa við í framleiðslu lífrænt vottaðra matvæla, hvort sem er til að bjóða á heimamarkaði né til útflutnings. Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að lífrænn landbúnaður losi minna af gróðurhúsalofttegundum og að í lífrænni ræktun sé binding í jarðvegi meiri og því er útbreiðsla hans væntanlega mikilvæg til að stuðla að bættu umhverfi.

1) Tryggja möguleika til vaxtar

Almennt þarf að gæta þess að stefnan í hinum ólíku geirum matvælaframleiðslu skerði ekki möguleika lífræns landbúnaðar og annarrar lífrænnar framleiðslu til vaxtar. Þetta sjónarmið þarf að hafa í huga við skipulag s.s um landnotkun, mögulega mengun eða neikvæð áhrif frá annarri starfsemi og aðra takmarkandi þætti sem komið geta til álitu.

2) Aðföng til lífræns landbúnaðar


Til þess að lífrænt vottaður landbúnaður geti náð mikilli útbreiðslu hér á landi þarf aðgengi að viðurkenndum aðföngum s.s. lífrænum áburði að vera gott. Að því þarf að huga í allri stefnumótun að afurðir s.s. lífrænn úrgangur/áburður geti nýst þeim sem stunda lífræna framleiðslu og uppfylli þau skilyrði sem vottunin setur. Þetta þarf að hafa í huga ef ætlunin er t.d. að safna lífrænum úrgangi saman í miðlægar stöðvar vítt og breitt um landið eða til áburðarframleiðslu. Auk þess getur uppbygging fiskeldis á landi gefið af sér mikið lífrænt efni sem e.t.v. má nýta. Sama má segja um lífrænan úrgang frá sjávarútvegi. Lífrænn landbúnaður gæti nýtt moltaðan, lífrænan úrgang frá heimilum sem og frá stóreldhúsum þó það sé verkefni að fá hann viðurkenndan í lífrænni ræktun. Sú hringrásarhugsun sem birtist í lífrænum landbúnaði getur hjálpað til við að finna lausnir á þessu sviði og þannig dregið úr soun og komið mikilvægum næringarefnum aftur inn í hringrásina.

3) Aðgerðaáætlun skylda í löndum ESB

Í nýrri reglugerð ESB um lífræna framleiðslu er löndum innan sambandsins gert skylt að gera aðgerðaráætlun sem miði að því að ná markmiði um að 25% ræktaðs lands verði í vottaðri lífrænni framleiðslu árið 2030. Þetta undirstrikar þá alvöru sem liggur að baki hjá nágrannaríkjum okkar að færa landbúnaðinn frá línulegri hugsun með notkun tilbúins áburðar og eiturefna, til hringrásarkerfa sem vernda og styðja umhverfið.

Í skjalinu er tímalína og verklag við stefnumótun á sviði lífræns landbúnað og framleiðslu ekki tíunduð en viljum undirstrika mikilvægi þess að sett séu töluleg en raunhæf markmið um útbreiðslu hans sem fyrst. Við viljum benda á að félag okkar hefur á undanförunum árum stofnað til samstarfs við flestar stofnanir landbúnaðarins við rýni og verkefni sem snúa að lífrænni framleiðslu. VOR lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í vinnu við stefnumótun á sviði matvæla eftir óskum.

F.h. stjórnar VOR



Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður